

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 13/1997.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Eyvindi Svani Magnússyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Kynferðisbrot. Miskabætur. Þinghald. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1997. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og miskabótakrafa verði lækkuð til muna.

Við aðalmeðferð málsins í héraði 28. nóvember 1996 er bókað, að ákærði víki frá, meðan kærandi málsins gefi skýrslu. Ákærði kom síðan ekki aftur fyrir dóminn fyrr en að lokinni vitnayfirheyrslu. Samkvæmt 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála getur dómari ákveðið, að sakborningi verði vikið úr þinghaldi, meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur, að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð þess. Í málinu liggur ekkert fyrir um það, hver hafi krafist þess, að ákærði viki úr dómi, og af hvaða ástæðu, en rétt er, að þessa sé jafnan getið í þingbók. Samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991 er aðalreglan sú, að ákærði eigi rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Er það undir mati dómara komið hverju sinni, hvort hann beitir því undantekningarákvæði, sem felst í 6. mgr. 59. gr. laganna. Verjandi ákærða var viðstaddur vitnaleiðslurnar og beindi spurningum til vitnanna. Þykja ekki efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm vegna þessa annmarka.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sekt ákærða, heimfærslu til refsilagaákvæðis og sakarkostnað. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði hans um miskabætur til

handa kæranda. Ákærvaldið hefur ekki krafist þyngingar refsingar, og verður því refsíákvörðun héraðsdóms látin standa óhöggð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Eyvindur Svanur Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 18. desember 1996.

Mál þetta er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. október 1996, á hendur ákærða, Eyvindi Svani Magnússyni, Borgarbraut 21, Borgarnesi, fæddum 31. mars 1970, fæðingarnúmer 355, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1996 í íbúð á jarðhæð hússins [...] þröngvað konunni X, fæddri 1955, með ofbeldi til holdlegs samræðis, en þau voru bæði gestkomandi þar.

Telst þetta varða við 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Pórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd X gerir þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., og 22.320 kr. í þjáningabætur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. júní 1997. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða brotþola málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 og sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 að mati dómsins eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi“.

Við munnlegan flutning málsins krafðist sækjandi þess enn fremur, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist aðallega, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu og skaðabótakröfu vísað frá dómi, til vara, komi til sakfellingar, að refsing ákærða verði ákvörðuð eins væg og lög frekast leyfa og skaðabætur til kæranda stórlega lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða þess, að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til handa verjanda.

Málavextir.

Hinn 22. júní 1996 kom X á neyðarmóttöku slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur og bar, að sér hefði verið nauðgað nóttina áður, og var hún þar skoðuð af lækni og hjúkrunarfræðingi. Fjórum dögum síðar lagði X fram formlega kæru á hendur ákærða.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 8. júlí 1996, og einnig gaf hann skýrslu fyrir dóminum.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði verið í Reykjavík föstudagskvöldið 21. júní 1996 og komið til . . . um hálfeitt eftir miðnætti og farið á veitingastaðinn H . . . Kvaðst hann hafa hitt þar m. a. kæranda og S. Ákærði kvaðst hafa drukkið þar áfengi og verið orðinn talsvert ölvaður, er hann hafi farið af veitingastaðnum. Ákærði kvaðst þá hafa gengið með kæranda og áður-nefndri S heim til S. Kvað hann þau hafa setið þar inni í stofu og drukkið áfengi og verið að tala saman. Ákærði kvað kæranda síðan hafa farið út úr stofunni. Kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því fyrr en síðar, að hún hefði farið inn í herbergi að sofa. Ákærði kvað þau S hafa setið áfram að drykkju í stofunni, og hafi þau verið orðin mjög ölvuð, er hann hafi með leyfi S sofnað í sófanum. Ákærði kvaðst síðar hafa vaknað við það, er hann hefði dottið úr sófanum og rekið sig í sófaborðið. Hann kvaðst þá hafa farið út og gengið heim til sín og sofnað þar. Hjá lögreglu kvaðst ákærði fyrst ekki geta sagt til um, hvernig hann vissi, hvert kærandi hefði farið, eftir að hún hvarf frá þeim S í stofunni. Kærandi hefði, áður en hún hefði farið úr stofunni, verið að tala um að hringja á leigubíl, en S sagt henni að fara inn í herbergi að sofa. Ákærði kvaðst því hafa gert ráð fyrir, að hún hefði gert það.

Kærandi hefur skýrt svo frá, að föstudagskvöldið 21. júní 1996 hafi hún verið ásamt vinkonu sinni, S, stödd á veitingahúsinu H . . . , er hún hafi hitt ákærða, sem sé gamall vinnufélagi þeirra. Um klukkan þrjú eða fjögur um nóttina hafi þau ákærði farið saman heim til S, en S hafi verið farin á undan þeim heim. Kvað hún þau þrjú hafa setið inni í stofu og verið að tala saman. Kærandi kvaðst skömmu síðar hafa farið á salerni og þaðan inn í forstofuherbergi og lagst þar til svefns. Kvaðst hún hafa verið klædd í hvítan bol, bláan brjóstahaldara, svartar buxur og nærbuxur. Hún kvaðst hafa vaknað við það, að ákærði hefði staðið yfir sér og verið að reyna að klæða sig úr buxunum. Hafi hann verið búinn að losa eina tölu í buxnastrengnum og verið að eiga við rennilásinn. Kvaðst hún hafa tekið í buxurnar og beðið ákærða að hætta og láta sig í friði. Ákærði hefði þá sagt sér að láta ekki svona og reynt að taka niður um sig buxurnar, en hún togað á móti. Kvað hún ákærða þá hafa tekið vinstri hönd sína og bundið hana fasta við rúm-

gaflinn með ljósbláu bandi af náttslöpp. Ákærði hefði því næst klætt hana úr siðbuxum og nærbuxum, en hún barist á móti og ákærði þá bundið hægri fót hennar við fótagaflinn með mjóu bandi. Kvaðst hún þá hafa verið orðin verulega hrædd og kallað eitthvað í þeirri von, að einhver heyrði í sér, en ákærði þá gripið fyrir vit sér, svo að sér hafi legið við köfnun. Hafi hún hrist höfuðið til að reyna að ná andanum. Kvaðst hún þá hafa spurt ákærða, hvort hann ætlaði að drepa hana, en hún kvaðst ekki muna, hvort hann hefði svarað því nokkru. Eftir þessar aðfarir ákærða kvaðst hún ekki hafa þorað að öskra, en grátið og verið mjög hrædd. Kvað hún ákærða hafa náð að þvinga sundur fætur sína og lagst ofan á sig. Hún kvað ákærða þá hafa verið kominn úr gallabuxum og nærbuxum, en verið í einhverju að ofan. Hún kvaðst ekki vita, hvenær ákærði hefði klætt sig úr buxunum. Kærandi kvaðst hafa með því að hreyfa sig og halda saman lærunum tvisvar eða þrisvar komið í veg fyrir, að ákærði kæmi getnaðarlim sínum inn í hana. Hún kvað ákærða þó hafa tekist það að lokum, og kvaðst hún þá hafa gefist upp og legið hreyfingarlaus. Kvað hún ákærða hafa spurt sig, hvort þetta væri ekki gott, og hún ekki þorað annað en svara því játandi. Hún kvaðst ekki vita, hvort ákærða hefði orðið sáðlát. Kærandi kvaðst hafa losað sig úr böndum, er ákærði var farinn, en talsverðan tíma hafi tekið að losa höndina, sem bundin var. Kærandi kvaðst hafa verið í miklu uppnámi og hlaupið grátandi út úr herberginu að herbergi S og vakið hana og S reynt að hugga hana. Hún kvaðst hafa kastað upp af geðshræringu, en síðan sofnað uppi í rúmi hjá S, þar sem sér hefði fundist hún örugg. Kærandi kvaðst ekki hafa sagt S frá atvikum fyrr en daginn eftir, er hún vaknaði. Hefðu þær þá rætt saman um atvikið. Sér hefði liðið mjög illa allan laugardaginn og velt fyrir sér, hvað hún ætti að gera. Síðar um daginn hefði vinkona sín, B, komið í heimsókn, og kvaðst hún hafa sagt henni frá atvikum. Kærandi kvað þessa vinkonu sína hafa hringt í neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Kærandi kvaðst ekki hafa verið tilbúin að leggja fram kæru strax, þar sem . . . sé lítið bæjarfélag, þar sem flestir þekkist. Þá kvaðst kærandi hafa verið hrædd við hugsanleg viðbrögð ákærða og jafnvel dottið í hug, að hann gæti gert börnum sínum eitthvað. Kærandi kvað sér hafa liðið mjög illa eftir þetta og átt erfitt með að koma sér að nokkru verki, en legið mikið í rúminu og ekki þorað út úr húsi.

Ákærða voru kynnt hjá lögreglu einstök atriði í málavaxtalýsingu kærandi. Svör hans voru einatt á eina lund: „Ég man ekki eftir þessu.“ Fyrir dómi neitaði ákærði staðfastlega sök og komst svo að orði: „Ég verð alltaf sannfærðari og sannfærðari um það, eftir því sem líður á. Það er ekkert á minni samvisku, sem nagar mig. Ég er alveg með hreina samvisku.“ Enn

fremur kom fram hjá ákærða, að minni hans væri stundum gloppótt vegna ölvunar, t. d. hverja hann hitti og um hvað væri talað.

Vitnið S skýrði svo frá, að hún hefði ásamt kæranda farið á veitingastaðinn H föstudagskvöldið 21. júní 1996. Þar hafi þær m. a. hitt ákærða. Vitnið kvað þær hafa drukkið þar nokkra bjóra og einnig eitthvað fyrir um kvöldið. Hún kvaðst hafa farið heim til sín um klukkan þrjú, en kærandi orðið eftir. Fimmtán mínútum síðar hefðu kærandi og ákærði komið á eftir sér. Þau hafi sest inn í stofu og setið þar og talað saman. Kvað vitnið kæranda hafa staðið upp um klukkutíma síðar, farið á salernið og þaðan beint inn í forstofuherbergi. Vitnið kvað þær ekki hafa rætt það sérstaklega áður, þar sem alvanalegt væri, að kærandi gisti hjá sér og svæfi þá í þessu herbergi. Vitnið kvað ákærða skömmu síðar hafa spurt um kæranda, og kvaðst hún hafa sagt honum, að kærandi hefði farið inn í herbergi að sofa. Taldi vitnið, að ákærða hefði verið ljóst, um hvaða herbergi hefði verið að ræða. Vitnið kvað þau ákærða hafa spjallað saman í um hálfa klukkustund eftir þetta, en þá hefði hún sagst vera orðin mjög syfjuð og ætla að sofa í sófanum í stofunni. Ákærði hefði þá borið vitnið inn í svefnherbergi þess. Er ákærði hefði verið farinn út úr herberginu, hefði vitnið staðið upp og læst svefnherbergisdyrunum. Kvaðst vitnið síðan hafa sofnað og vaknað við, að kærandi hefði bankað á svefnherbergishurðina. Vitnið kvaðst hafa opnað og kærandi komið inn grátandi og lagst upp í rúm til sín. Hefði kærandi sagst vera veik og kastað upp og síðan sofnað. Morguninn eftir hefði kærandi fyrst sagt sér, að ákærði hefði nauðgað sér. Vitnið kvað kæranda hafa sagt sér, að hún hefði barist um, fyrst við að halda upp um sig buxunum og síðan barist á móti því, að ákærði kæmi fram vilja sínum. Kvað hún kæranda hafa sagt sér frá því, að ákærði hefði bundið aðra hönd og annan fót kæranda við rúmið, en síðan tekið fyrir vit hennar, svo að henni hefði legið við köfnun. Vitnið kvaðst síðar hafa fundið á rúmgaflinum belti það, sem kærandi hefði sagst hafa verið bundin með. Hins vegar hefðu þær ekki fundið neitt, sem líklegt hefði verið, að ákærði hefði notað til þess að binda fót kæranda. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt köll eða óp kæranda og ekki hafa orðið vör við hávaða.

Kærandi kom á neyðarmóttöku slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur laugardaginn 22. júní 1996 kl. 18.20, og tóku Rannveig Pálsdóttir læknir og Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur á móti henni. Í skýrslu neyðarmóttöku er frásögn kæranda af atburðum skráð af læknum, og er sú frásögn í öllum atriðum eins og í lögregluskýrslu, dags. 26. júní 1996.

Í niðurstöðu Rannveigar Pálsdóttur læknis eftir skoðun á kæranda segir svo: „Við komu á NM óróleg, en gefur skýra og greinargóða sögu. Segist

hafa kastað upp og grátið fyrir um daginn, einnig verið óttaslegin og hrædd um líf sitt.

Við skoðun sjást húðristur, sár og marblettir, sem staðfesta sögu hennar um, að hún hafi verið bundin, einnig, að hún hafi barist á móti. Ekki sjást sæðisfrumur í smásjá, flúrskoðun neikvæð. Ekki eru áverkar á kynfærum, en brúnleitur vökvi efst í leggöngum. Tekin sýni fyrir nánari leit að sæðisfrumum. Einnig eru tekin föt, saumspretta á ermi bols eftir átök; kvartar yfir eymslum yfir rófubeini, er aum þar við þreifingu, en ekki sést mar. Tekin sýni fyrir kynsjúkdómum. Svares að vænta innan viku.

Hinir líkamlegu áverkar koma heim og saman við sögu S; einnig bendir hegðun og líðan eftir atburðinn til þess, að hún hafi orðið fyrir tilfinningalegu áfalli.“

Fyrir dómi staðfesti lækniinn skýrslu sína. Kvað hún áverkana ekki hafa verið eldri en sólarhringsgamla, er hún hafi skoðað kæranda, og gætu þeir samrýmist frásögn kæranda.

Samkvæmt álitserð Gunnlaugs Geirssonar prófessors fundust engar sæðisfrumur eða annað, sem unnt var að nota til „kennslagreiningar“, í þeim sýnum, sem rannsókuð voru hjá Rannsóknastofu háskólans í meinafræði.

Niðurstaða.

Af því, sem rakið hefur verið af framburði ákærða og vitna, er ljóst, að ákærði og kærandi, sem eru fyrrverandi vinnufélagar, fóru saman heim til vitnisins, S, eftir að þau höfðu hist á veitingahúsinu H. Þeim ber öllum saman um, að kærandi hafi þar yfirgefið ákærða og vitnið eftir skamma stund og ákærði og vitnið S talið, að kærandi hefði farið inn í annað herbergi í húsinu. Framburður ákærða og S er hins vegar ósamhljóða um, hvað gerðist eftir það. S hefur haldið því fram, að ákærði hafi síðan borið sig inn í svefnherbergi, en ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi sofnað í sófa í stofunni.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök, en svör hans við spurningum hjá lögreglu og fyrir dómi voru þó ekki alltaf skýr, og hefur ákærði borið við minnisleysi vegna ölvunar. Kærandi hefur hins vegar frá upphafi verið staðföst í skýrslum sínum og þær verið trúverðugar. Framburður kæranda samrýmist rannsókn Rannveigar Pálsdóttur læknis á áverkum á henni, og fær sú lýsing stoð í framburði vitnisins S.

Þegar litið er til þess, að framburður kæranda hefur verið staðfastur og skýr og framkoma hennar fyrir dómi traustvekjandi, og með hliðsjón af lýsingu vitna á viðbrögðum og ástandi kæranda eftir atvikið, skýrslu og framburði Rannveigar Pálsdóttur læknis og annarra rannsóknargagna telst

ákærði sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru og er þar réttilega heimfærður til refsíákvæða.

Sakaferill og refsing.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, sem áhrif hefur á niðurstöðu máls þessa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Skaðabætur.

Þórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður hefur fyrir hönd kæranda krafist skaðabóta, að fjárhæð 1.022.320 kr., auk 111.854 kr. í málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Bótakröfu sína sundurliðar kærandi þannig:

1. Miskabætur	kr.	1.000.000
2. Þjáningarbætur í 30 daga, 744 kr. á dag	–	22.320
Samtals	kr.	1.022.320

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 á kærandi rétt á miskabótum, og samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála á tónþoli rétt á því að fá greiddan kostnað, er hún hefur orðið fyrir við að halda kröfu sinni fram. Eigi eru skilyrði til að beita ákvæðum 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 í þessu máli.

Samkvæmt niðurstöðu málsins verður ákærði dæmdur til þess að greiða kæranda bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Þá verður fallist á kröfu um kostnað kæranda við að halda kröfu sinni fram með 60.000 krónum. Verður ákærði samkvæmt þessu dæmdur til að greiða X 350.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til dómsuppsögudags, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og til að greiða henni 60.000 krónur í málskostnað.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 80.000 krónur auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur.

Mál þetta flutti af ákærvaldsins hálfu Stefán Skarphéðinsson, sýslumaður í Borgarnesi.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Pétur Guðgeirsson og Sigurður Tómas Magnússon.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eyvindur Svanur Magnússon, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 350.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. júní 1996 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur auk virðisaukaskatts.
